

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 253 210.00.

400 til 2000 m³, kr. 253 210.00 af 400 m³ + kr. 211.00 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³, kr. 590 810.00 + kr. 173.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 36 700.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 550.00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Selfoss er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 311, 24. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga
nr. 387 27. desember 1973 með síðari breytingum.**

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 1 650,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 3 302,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.